

# FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

---

## Fréttir og félagsmál

---

Maðurinn er í svefni magnaður eða „hlaðinn“ af tilgeislandi krafti,  
og að vísu fylgir þeim krafti vit.

*Helgi Pjeturss.*



---

Útgefandi: Félag Nýalssinna.  
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.  
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:  
Ingvar Agnarsson.

# Um yfirborð tunglsins

(Sjá forsiðumynd)

Með berum augum má sjá misbjarta flekki á yfirborði tunglsins og með venjulegum ferðasjónauka sjást þessir flekkir miklu betur. Dökku flekkirnir eru kallaðir höf og á sú nafngift uppruna sinn í því, að ýmsir álitu áður fyrir að þarna væri um raunveruleg höf að ræða. Latneska orðið *maria* mun upphaflega hafa verið notað árið 1647 af þýska stjörnufræðingnum Jóhannes Hevel en samtíðarmaður hans, Ítalinn Giovanni Riccioli, tók nafnið upp og gaf hinum ýmsu tunglhöfum þau nöfn, sem enn eru notuð. Einnig nefndi hann ýmsa tunglgíga eftir kunnum stjörnufræðingum og öðrum þekktum mönnum, og hafa þau nöfn haldist fram á okkar daga.

Hinir ljósari fletir á yfirborði tunglsins eru gíga- og fjallalandslag, en dekkri fletirnir víðáttumiklar sléttur. Það hefur komið í ljós með síðari tíma mælingum að fjallalandslagið er hálendara sem nemur um 0,8 km að meðaltali upp yfir hina raunverulegu kúlulögun tunglsins en sléttlendið eða höfin liggja um 0,8 km að meðaltali undir kúlulögun þess. Þetta eru heildartölur, en þess ber að geta að um 2% af yfirborði tunglsins liggur sumt um 6 km yfir og sumt um 6 km undir réttu kúluyfirborði þess.

Gígarnir á tunglinu eru margir hverjir svo stórir, að nemur mörgum tugum km í þvermál, en aðrir eru niður í nokkra metra að þvermáli, og svo allar stærðir þar á milli. Brúnir ýmissa hinna stærri gíga standa um 1—1½ km upp fyrir umhverfi þeirra en dýpt gíganna er víða 3—5 km. Í mjög mörgum tunglgígum stendur klettadrangur mikill upp úr miðju þeirra og er hann oft um 1 km á hæð upp yfir gígbotninn.

Einkennandi fyrir litbrigði á yfirborði tunglsins eru ljósar rákir, sem liggja í allar áttir út frá sumum stærstu gígunum, og eru sumar þeirra mörg hundruð km á lengd.

*Inguar Agnarsson*

Heimildarrit: Bogen om månen eftir Asger Lundbak.

# Fréttir af félagsstarfi

## Félagsfundur 5. maí 1976.

Miðvikudaginn 5. maí 1976, kl. 21, var haldinn almennur félagsfundur í stjórnusambandsstöðinni að Álfrólsvegi 121 í Kópavogi.

Formaður, Kjartan Norðdahl, setti fundinn og skipaði Helga Guðlaugsson fundarstjóra. Í spjalli sínu reifaði formaður ýmis mál og gat þess, að nýlega hefði Anna Þjeturss átt 70 ára afmæli, og hefði hann sent henni heillaóskaskeyti í nafni félagsins í til efni afmælisins.

Fundarstjóri, Helgi Guðlaugsson, las upp dagskrá fundarins. Nýjar inntökubeiðnir voru lesnar upp: séra Fjalar Sigurjónsson, Kálfafellsstað, Suðursveit, A-Skaftafellssýslu og Þorvaldur Dan Þétursson, Hjaltabakka 18, Reykjavík. Voru þeir samþykktir sem félagar af öllum fundarmönnum.

Ingvar Agnarsson, ritari félagsins, las fundargerð síðasta fundar, og var hún samþykkt.

2. *Endurbætur á stöðinni.* Kjartan Norðdahl ræddi um þau mál og taldi miklar endurbætur nauðsynlegar. Taldi hann óhjákvæmilegt að starfsemi í stöðinni legðist niður, meðan á þeirri vinnu stæði. Atli Hraunfjörð hefur gert tilboð í að mála húsið að innan og gera við sprungur og málningu á húsinu að utan.

Atli Hraunfjörð lagði til að stöðin yrði aftur opnuð að lokinni viðgerð, með nokkrum virðuleik, og yrði öllum félagsmönnum þá boðið sérstaklega og skyldi vanda sem best til dagskrár þess fundar. Var vel tekið undir þessa tillögu Atla.

Kjartan Norðdahl bar fram svohljóðandi tillögu:

*„Félagsfundur í Félagi Nýalssinna 5. maí 1976, samþykkir að fela stjórn félagsins að sjá um endurbætur á stöðinni í samráði við hæfan verktaka og einnig að annast um greiðslur vegna verksins.“*

Þessi tillaga var samþykkt einróma.

3. *Um útgáfustarfsemi Félags Nýalssinna.* Þorsteinn Guðjónsson reifaði það mál, og gat þess að Ingvar Agnarsson hefði boðist til að sjá um útgáfu Félagsblaðsins í eitt ár enn. Sama gildir um Lífgeisla. Hefur Ingvar einnig boðist til að sjá um tímaritið í eitt ár a. m. k. og skyldi sú útgáfa vera félaginu að kostnaðarlausu.

Þorsteinn Guðjónsson gat um hina nýju bók Þorsteins Jónssonar á Úlfssstöðum: „*Draumar og svefn*“. „Framsetning Þorsteins Jónssonar í bókinni er mjög ljós, og ætti hún að auðvelda mönnum að átta sig á eðli svefns og drauma,“ sagði Þorsteinn Guðjónsson.

Þorsteinn Guðjónsson gat þess, að hann hefði verið beðinn að halda kynningarerindi niðri á Hótel Loftleiðum, og voru þetta virtir menn í þjóðfélaginu sem þar voru saman komnir, ýmsir þeirra kunnir. „Sýnir þetta, ásamt ýmsu öðru,“ sagði hann, „að þessi málefni eru ekki lengur nein feimnismál. Nú er hægt að ræða um þessi mál, hvar sem er, án þess að neitt þyki athugavert við þann, sem heldur fram málstað Nýals. Er hér orðin á mikil breyting, frá því sem var fyrir fáeinum árum. Nýalskri hugsun vex fylgi jafnt og þétt, og jafnvel örar en við gerum okkur grein fyrir.“

Atli Hraunfjörð gat þess að Sigríður Guðmundsdóttir, hefði haldið miðils- og kynningarfund, árið 1974 og aftur 1975 að beiðni kvenfélags Union Chambers á Suðurnesjum og Kiwanisklúbbs bæjarins. Sýndi þetta vott um vaxandi áhuga fyrir Nýalsmálum í Keflavík.

Pétur Gíslason sagði: „Á titilblaði *Lífgeisla* mætti standa í undirfyrirsögn: „*Ný náttúrufræði*“. Þetta tímarit ætti að vera náttúrufræðitímarit. Almennigur ætti að hafa trú á þessu málefni, og skilja, að þar er verið að kenna nýja náttúrufræði.“

Eftirfarandi tillaga var borin fram:

*„Tillaga lögð fyrir félagsfund F.N. 5. maí 1976. — Fundurinn samþykkir, að fela Ingvari Agnarssyni að annast um útgáfu tímaritsins „Lífgeislar“ svo og „Félagsblaðsins“, um eins árs skeið, samkvæmt eigin boði.“*

*Kjartan Norðdahl.*

Ýmsir lögðu orð í belg um útgáfumál félagsins, og má þar nefna: Þorstein Guðjónsson, Svein Haraldsson, Kjartan Norðdahl og Pétur Gíslason.

Ingvar Agnarsson sagði á þessa leið: „Útgáfa „Lífgeisla“ ætti að vera félagsmönnum öllum áhugamál. Félagsmenn gætu mjög stuðlað að því með samhug sínum, að blaðið yrði sem best úr garði gert. Sem flestir þyrftu að senda því efni til birtingar, og sem flestir þyrftu að kynna það og stuðla að útbreiðslu þess. Einnig þyrftu menn að gefa sig fram, til að hjálpa til við útsendingu þess o. fl. Ef allir leggjast á eitt til að bæta blaðið og vinna að útbreiðslu þess, gæti þetta rit mjög stuðlað að kynningu þessa málefnis, sem við öll viljum berjast fyrir.“

Áðurnefnd tillaga um tímaritaútgáfu félagsins undir umsjón Ingvars Agnarssonar var svo borin undir atkvæði og samþykkt einróma.

4. *Húskaupamál*: Kjartan Norðdahl ræddi um nauðsyn húsnæðis niðri í Reykjavík á hentugum stað, til skrifstofuadstöðu og til útbreiðsluadstöðu málefningu til handa.

Pétur Gíslason ræddi um nauðsyn þess, að fjárhagur slíkra húskaupa verði alveg aðskilinn frá fjárhag félagsins.

Helgi Guðlaugsson taldi að enginn ágreiningur væri um nauðsyn slíkrar starfsstöðvar niðri í Reykjavík. Mestir erfiðleikar væru í sambandi við öflun fjár, og væri nú tímabært að fara að kanna allar fjáróflunarleiðir.

Kjartan Norðdahl lagði fram svohljóðandi tillögu:

*Tillaga lögð fyrir félagsfund í F. N. 5. maí 1976. Ég undirritaður legg til, að fundurinn kjósi 3 menn í framkvæmdastjórn, til þess að annast um húskaupamál félagsins. Stefnt skal að því, að félagið eignist starfsmiðstöð á hentugum stað miðsvæðis í Reykjavík þegar á árinu 1976. Fundurinn veiti framkvæmdastjórninni fullt umboð til að annast fjársöfnun og val á húsnæði, enda geri hún fulla grein fyrir störfum sínum á næsta félagsfundi, eftir að kaupin hafa verið gerð.*

Talsverðar umræður urðu um tillöguna.

Atli Hraunfjörð lagði til að seldir yrðu tveir partar af landi félagsins í Gröf í Laugardal, til að fá upp í kostnað vegna húskaupa. Hugsanlega mætti kaupa hæð í stóru húsi, sem hentug yrði til slíkra nota.

Ingvar Agnarsson talaði um, að starfsmiðstöð í Reykjavík gæti mjög stutt að því að upp gæti risið vegleg stjórnum sambandsstöð síðar.

Helgi G. minntist á Öskjuhlíð, sem framtíðarsvæði fyrir stjörnu-sambandsstöð.

Pétur Gíslason ræddi málið og sagði að fyrst og fremst yrðum við að vera og starfa í samræmi við anda dr. Helga Pjeturss.

Aðrir sem ræddu þessi mál voru Þorsteinn Guðjónsson, Atli Hraunfjörð og Kjartan Norðdahl.

Tillaga Kjartans Norðdahls um að kjósa 3ja manna nefnd til að annast um húsakaupamál félagsins í Reykjavík var svo borin undir atkvæði og samþykkt einróma.

Tillögur um þessa menn voru bornar fram: Gunnar Grímsson, Sigurður Benediktsson og Helgi Guðlaugsson. Aðrar uppástungur komu ekki fram og voru þeir því sjálfkjörnir.

5. Önnur mál. Ragnar Alfreðsson tók til máls og bar upp eftirfarandi setningu, er hann kvað sér hafa borist að fjarhrifaleiðum, nú á þessum fundi:

*„Látið gott af ykkur leiða. Ég er ætíð með ykkur, þegar þið framfylgið því göfuga verki að lækna aðra.“*

*Meistarinn frá Nasaret.*

Kjartan Norðdahl ræddi um nauðsyn þess, að bæta sambandið meðal Nýalssinna sjálfra. „Nýalssinnar hittast of sjaldan og tala of sjaldan saman um þessi málefni. Á félagsfundum er ekki aðstaða til einkasamtala og sama er að segja um miðilsfundina. Hér þyrfti úr að bæta, ef mögulegt væri.“ Kjartan sagði frá efni greinar sem nýlega birtist í ameríska ritinu „Psychic“, þar sem kunnur fyrirburðafræðingur lýsir því, hve vantrúaðir á fyrirburði flestir fræðimenn eru, enn sem komið er. — Kjartan ræddi um endurburðarkenningu guðspekinga, og hvernig þeirra sjónarmið lýsa sér er farið er að ræða við þá um þessi mál.

Kjartan Norðdahl mælti enn á þessa leið: „Okkur Nýalssinn-um þykir skemmtilegast að ræða um heimspeki Nýals, og skiptast á hugsunum um þau mál. En félagsmál eru eins og hvert annað starf, sem vinna verður að, hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Við verðum að sjá um að ýmis verk séu unnin, þótt leiðinleg séu, eins og t. d. að gera við skemmdir á húsinu, endurnýja málningu o. fl. Slík verk og önnur hliðstæð verður að framkvæma. Þau eru undirstaða þess, að unnt sé að hugsa hærra. Við getum ekki reist venjulega stjörnusambandsstöð, nema undirstöðu-störfin hafi ekki verið vanrækt. Fyrst verðum við að vinna hið smáa, síðan getum við farið að hugsa um hið stóra.

Ingvar Agnarsson tók undir orð Kjartans og mælti ennfremur á þessa leið: „Mér virðist þetta tvennt verða að fara saman, hið smáa og hið stóra. Eins og undirstöðustörf eru forsenda þess, að hægt sé að stefna hærra, eins má einnig segja, að aldrei hefðu þau verið unnin í þessu félagi, aldrei hefði endurútgáfa Nýals orðið, aldrei hefði verið reist þessi stöð okkar, aldrei hefði útbreiðslu- eða útgáfustarfsemi átt sér stað í félagi okkar, ef ekki hefði frá upphafi verið hugsað hærra, ef ekki hefði verið frá upphafi hugsað til þeirrar framtíðar, að hér mundi rísa af grunni mikil og vegleg stjórnusambandsstöð, með ótæmandi möguleika til æðri lífsambanda. Þessi hugsjón hefur frá upphafi félags okkar verið sá drifkraftur, sem gert hefur okkur kleift að halda í áttina og gefast ekki upp, þótt ýmsum erfiðleikum hafi verið að mæta.“

Pétur Gíslason og fleiri tóku til máls og ræddu um heimspeki Helga Pjeturss.

Fleira var ekki tekið fyrir, og fundi slitið kl. 23,30. Fundinn sátu 14 manns.

*Ingvar Agnarsson, fundarritari.*

#### **Félagsfundur 9. júní 1976.**

Miðvikudaginn 9. júní 1976, kl. 21 hófst almennur félagsfundur Félags Nýalssinna í stjórnusambandsstöðinni að Álfrólsvægi 121 í Kópavogi.

Pennan fund hefði að réttu lagi átt að halda miðvikudaginn 2. júní, (samkvæmt venju fyrsta miðvikudag hvers mánaðar), en vegna lagfæringa á stöðinni, var honum frestað um eina viku.

Formaður félagsins, Kjartan Norðdahl setti fundinn og bað Gunnar Grímsson að vera fundarstjóra og Ingvar Agnarsson að vera fundarritara. Kjartan Norðdahl minntist Sigurðar Ólafssonar með nokkrum orðum, en hann lést þann 21. maí s.l.

Pétur Gíslason afhenti 4 bækur, sem hann gaf félaginu. Þær eru: Íslensk orðabók, eftir Árna Böðvarsson, 852 bls. Dönsk-íslensk orðabók, eftir Freysteinn Gunnarsson, 1055 bls. Ensk-íslensk orðabók, eftir Sigurð Örn Bogason, 861 bls. Þýsk-íslensk orðabók, eftir Jón Ófeigsson, 768 bls. Formaður þakkaði Pétri þessa góðu gjöf.

Bróðurdóttir Péturs Gíslasonar, Aðalbjörg Edda Guðmundsdóttir lék á flygilinn lagið „*Góða tungl um loft þú líður.*“

Ingvar Agnarsson las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

Formaður ræddi um þá ákvörðun stjórnar, að inntökugjald nýrra félaga verður hér eftir kr. 1000.00 til viðbótar við félagsgjaldið sem er kr. 4000.00, en ef liðið er hálf tónni eða meira, þarf aðeins að greiða hálf tónni félagsgjaldið auk inntökugjaldsins.

Helgi Guðlaugsson ræddi um söfnun fjár til kaupa á starfsstöð í Reykjavík. Söfnun þessi hefur nú staðið í 3 vikur og þegar hafa safnast um kr. 800.000.00. Helgi ræddi um æskilegan stað í Reykjavík fyrir slíka starfsstöð, og gerði ráð fyrir, að Þingholtin eða önnur svæði í nágrenni miðbæjar Reykjavíkur væri hentugt staðarval.

Nokkrar umræður fóru fram um þetta mál.

*Sambandsfundamál.* Helgi reifaði þau mál, og flutti um þau ritað erindi. Vitnaði hann í rit Helga Pjeturss máli sínu til stuðnings og las upp margar tilvitnanir úr ritum hans, þar sem minnst er á miðilstilraunir og hvernig helst mætti þar haga til. Helgi rifjaði upp hvernig fundir hafa farið fram í félagi okkar undanfarin 10 ár, eða síðan miðilsfundir hófust hjá félaginu. Helgi gerði samanburð á fundum spíritista og Nýalssinna og taldi, að á fundum spíritista væru þátttakendur flestir spíritistar, en á miðilsfundum Nýalssinna væru oft yfir helmingur fundarmanna utanfélagsmenn og hefðu því lítinn skilning á Nýalsmálum.

Ragnar Alfreðsson talaði næstur og skýrði frá merkilegri sýn er hann sá hér í byrjun fundarins. Hann sá miðilsfund, og miðil, og allir fundarmenn voru bláklæddir. Fundarsalur var mjög fagur og dyraumbúnaður gylltur, sem af gulli væri.

Pétur Gíslason tók til máls og mælti á þessa leið: „Helgi Guðlaugsson ræðir um skipulagningu, en ég legg mest upp úr annars konar starfi. Reynt hefur verið að skipuleggja hér miðilsfundir og annað en flest af því hefur farið illa og öfugt við það, sem til var ætlast. Skipulagning án hins rétta anda getur verið stórskadleg.“

Gunnar Grímsson mælti á þessa leið: „Miðlar og meðferð þeirra er undirstaða mikils árangurs. Miðla þarf að þjálfa í þeim tilgangi að ná meiri árangri. Eða kunnum við engin ráð til að ná meiri árangri?“

Þorsteinn Guðjónsson mælti: „Miðilsgáfur í þessu félagi er árangur þess, að nokkrir Nýalssinnar, sem þekktust fóru að sitja saman.“

Kjartan Norðdahl óskaði eftir því að menn kæmu hér fram og ræddu um heimspeki Helga Pjeturss. Urðu um þetta allmiklar



umræður og fara hér á eftir nokkur sýnishorn þess, hvernig talaðist og hverjir tóku til máls.

Pétur Gíslason kvaddi sér hljóðs og ræddi um sína eigin heimspeki, um tilveru vatnsins, og um sína sérstæðu efnafræði og eðlisfræði í þeim samböndum og að sál manna og dýra sé efnafræðileg. Pétur sagði um systur sína látna, er hún kom fram á miðilsfundi. Hún sagðist hafa vaknað upp í e. k. laufrólu. Þetta mun hafa verið gert til að hjálpa og flýta fyrir henni, að notfæra sér súrefni og kolefni hins nýja andrúmslofts á annarri stjörnu, því not þessara efna verða að geta farið fram í skyndi strax eftir flutninginn.“

Ragnar Alfreðsson: „Ég fékk ótrúlega mikla hjálp eftir fyrsta fund minn með Nýalssinum. En ég átti áður í afar miklum erfiðleikum.“

Helgi Guðlaugsson ræddi um þjálfun miðla: „Samband þeirra manna, sem með miðlum eru, er afar mikið atriði, og eins hugarfar þeirra.“

Atli Hraunfjörð: „Það vantar reglugerð til að miða við miðilsfundi.“

Gunnar Grímsson: „Í hverju er samstilling fólgin. Hvernig eiga fundargestir að hugsa?“

Kjartan Norðdahl: „Maður sagði: „Menn eiga bara að mæta á fundum og vera góðir,“ en ekki er það nægilegt til þess að mikill árangur náist.“

*Önnur mál.* Kjartan Norðdahl mælti á þessa leið: „Árið 1969 var húsið hér opnað. Liðin eru því 7 ár. Þeir sem óska eftir að halda ákveðna miðilsfundi, snúi sér til stjórnarinnar, í því sambandi. — Mánudagsfundir verða hér áfram með sama sniði og áður. — Allir skrifi í gestabók. — Á hverjum fundi verði salnum skilað í sama ástandi og komið var í hann.

Ekkert hefur gerst hér á miðilsfundum, sem fyrirburðafræðingum hefði þótt fengur í. — Á sumum fundum spíritista hafa gerst ýmsir furðuhlutir, eins og lyftingar, líkamningar o. m. fl.“

Þórarinn Helgason tók til máls og mælti á þessa leið: „Erfiðara er að stjórna huga sínum en að ríða ljóni. — Hér þyrfti að stofna kór, e. k. Nýalskór, þá kæmi flygillinn að gagni.“ — Þórarinn bar fram svohljóðandi tillögu:

*„Fundur í Félagi Nýalssinna haldinn 9. júní 1976, felur*

*félagsstjórninni að athuga möguleika á því að stofna kór á vegum félagsins.“*

*Pórarinn Helgason.*

Tillagan var samþykkt af öllum viðstöddum.

*Um byggingu stórrar stjörnusambandsstöðvar. Pórarinn Helgason flutti aðra tillögu svohljóðandi:*

*Fundur í Félagi Nýalssinna haldinn 9. júní 1976, beinir því til stjórnar félagsins að athuga möguleika á því, að komið verði á fót, svo fljótt sem frekast er unnt, stjörnusambandsstöð, þar sem gerðar verði rannsóknir á kenningum Helga Pjeturss um framlif jarðarbúa á öðrum hnöttum í geimnum. Fundurinn telur, að vel komi til greina, að leita eftir fjárhagsstuðningi hjá Bandaríkjunum og Sovétríkjunum, til að reisa stöðina gegn vissum skilyrðum til sameiginlegra nota ríkjanna í áður sögðu rannsóknarskygni.*

*Pórarinn Helgason.*

Pórarinn flutti allítarlega greinargerð með þessari tillögu sinni, og er hún svohljóðandi.

*Umræður um þessa tillögu eru naumast tímabærar fyrr en eftir að stjórnin hefur haft hana til athugunar. Af þeim sökum m. a. tel ég rétt að láta fylgja henni greinargerð með nokkrum skýringum á efni hennar og tilgangi.*

*Helgi Pjeturss taldi, að Íslendingar hefðu hæfileika til að vera í fararbroddi meðal þjóða heims. Það verða þeir ekki ef þeir einangra heimsfræði Helga Pjeturss í landi sínu, en hún er sá boðskapur, sem felur í sér forustuhlutverkið, sem okkur nýalssinninum ber að fylgja eftir með ráðum og dáð. Við skulum ekki ætla, að Helgi Pjeturss, sá mikli spekingur, hafi ályktað það út í bláinn, að Íslendingar væru þessum vanda vaxnir. Hér er um að ræða stórhýðingarmikið verkefni, ekki aðeins forvitnilegt, heldur slíkt er varðar getur alla tilveru og þróun hér á jörð.*

*Tillagan gerir ráð fyrir að leita til Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um fjárhagslegan stuðning til að reisa stöðina. Ég vara við því að leita til fleiri ríkja um slíkan stuðning. Það gæti orðið til þess, að erfitt og jafnvel ógerningur yrði að hafa hemil*

á afnotum útlendinga af stöðinni. Enda má víst telja, að þessi tvö ríki tileinki sér alla þá tækni og þekkingu, sem völ er á til þeirra takmörkuðu rannsókna, sem tillagan greinir. Þar sem tillagan gerir ráð fyrir sameiginlegum notum ríkjanna, þýðir að hvorugt þeirra geti hafið þar þukurstarfsemi um önnur efni en þau, er samrýmt geta tilgangi stöðvarinnar um málefni Nýals.

Íslendingar eru í ógnvekjandi aðstöðu milli herveldanna í austri og vestri. Engin bertækni og vígbúnaður Bandaríkjanna er okkur vörn ef til styrjaldar kemur milli þessara hervelda. Stjórnusambandsstöð með aðild og samvinnu þessara ríkja horfir til aukins skilnings og vináttusambands milli þjóðanna, sem orka kann meiru en vitað er að óreyndu.

Beiðni um fjárframlag til að reisa stöðina verður að sjálf-sögðu að fylgja uppdráttur af henni eins og hún er hugsuð og það verður að vera mál Íslendinga einna. Ég vara við því að fela arkitektum öll ráð í hendur um þann blut. Eignaraðild erlendra ríkja að stöðinni tel ég fráleitt að komi til greina.

Þá verður einnig að fylgja beiðni, ellegar ósk um stuðning, sem vera má að sé betur við hæfi — nokkur greinargerð um heimsfræði Helga Pjeturss. Greinargerð þess háttar er handhægt og auðvelt að vinna úr bók Þorsteins Guðjónssonar „Líf er á öðrum stjörnum“. Augljóst er, að höfundinum er best treystandi til að gera hæfilegan og skilmerkilegan efnisúrdrátt úr bókinni.

Þórarinn Helgason.

Næstur tók til máls Pétur Gíslason og mælti á þessa leið: „Er ég gaf félaginu þetta hljóðfæri, flygilinn, hafði ég í huga að þetta væri goðahús eða guðshús og í slíku húsi verður að vera söngur og hljómlist. Söngur þarf að vera vandaður og samboðinn húsinu og málefninu. — Nærgætni er undirstaða þess að unnt sé að ná samböndum við hina lengra komnu. Það er ónærgætni við gefanda jarðar, að selja hana, til að afla peninga til annarra þarfa. Og eins er líka oft með aðrar gjafir. Ég er á móti því að leita til Bandaríkjanna og Rússlands. Við eigum að leita til Háskóla Íslands og til vísindamanna.“

Nokkrar umræður urðu um síðari tillögu Þórarins Helgasonar, um athugun á möguleika á byggingu stórrar stjórnusambandsstöðvar. Kom fram að ýmsum þótti þetta hin stórkostlegasta tillaga. Til

máls tóku: Steinþór Ásgeirsson, Ingvar Agnarsson, Helgi Guðlaugsson og fleiri.

Tillagan var síðan borin upp af fundarstjóra og samþykkt mót- atkvæðalaust.

Ingvar Agnarsson gat þess að Þorbjörn Ásgeirsson, formaður Félags Nýalssinna á Akureyri, hefði oft í vetur og vor óskað eftir því, að einhverjir félagar héðan að sunnan kæmu í heimsókn til þeirra á Akureyri, í þeim tilgangi að halda þar kynningar- og miðilsfund.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir, og fundi slitið kl. 23,20. — Fundinn sátu 26 manns.

*Ingvar Agnarsson, fundarritari.*

### **Félagsfundur 7. júlí 1976.**

Miðvikudaginn 7. júlí, var haldinn almennur félagsfundur í Félagi Nýalssinna að Álfhólsvegi 121 í Kópavogi og hófst hann kl. 21.00. — Fundinn sóttu 11 manns.

Varaformaður félagsins, Helgi Guðlaugsson, setti fundinn og stjórnaði honum, þar sem Kjartan Norðdahl, formaður félagsins var fjarverandi.

Ein umsókn lá fyrir um inngöngu í Félag Nýalssinna. Var hún frá Gestu Sturlaugssyni, Hringbraut 50 Reykjavík. Var umsókn hans samþykkt einróma.

Ingvar Agnarsson las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt án athugasemda.

*Um kaup á húsi í Reykjavík.* Gunnar Grímsson, ritari félagsins reifaði þetta mál og sagði frá gangi mála til þessa. Hann sagði, að allt að einnar milljón króna framlag hefði borist í húskaupa- sjóð, frá ýmsum aðilum, ýmist í peningum eða sem loford um greiðslu síðar. Athugun á vegum húskaupanefndar, hefur farið fram á nokkrum húsum, sem verið hafa til sölu á því afmarkaða svæði í Reykjavík, sem helst hefur verið talið heppilegt fyrir starfsaðstöðu, slíka sem oft hefur verið rætt um áður. Sum þess- ara húsa virtust heppileg til þeirra nota, og gætu kaup farið fram ef fjármagn væri fyrir hendi.

Ingvar Agnarsson sagði frá ferð til Akureyrar, laugardaginn 26. júní s. l., og mælti á þessa leið: „Félag Nýalssinna á Akureyri hefur oft á undanförnum mánuðum látið í ljós ósk um að ein- hverjir úr félagi okkar í Reykjavík kæmu norður til Akureyrar. Sex félagar úr Reykjavík fóru með flugvél til Akureyrar þann

26. júní. Samkoma var haldin kl. 4 í Hótel Varðborg, með félögum á Akureyri. Komu þó færri til þessa fundar en gert hafði verið ráð fyrir, og lágu til þess ýmsar ástæður, sem ekki varð vitað um fyrirfram. Umræður urðu samt ánægjulegar og snerust að nokkru leyti um „endurburð“ eins og ýmsir hafa trú á að gerist hér á jörðu og hvernig skilja megi slíkar frásagnir út frá kenningum Nýals.

Um kvöldið var svo haldinn miðilsfundur á sama stað og voru þátttakendur 15. Miðlar voru Sveinn Haraldsson og Sigríður Jónsdóttir. Fram komu: Eyþór Gunnarsson læknir, Bjarni Thorarensen skáld, Ólafur Tryggvason huglæknir, Niels Dungal, Helgi Pjeturss, Sigurður Berndsen og ýmsir aðrir, sem ég veit ekki skil á.

Gist var á Hótel Varðborg um nóttina. Daginn eftir, sunnudag 27. júní, var gott veður. Þorbjörn Ásgeirsson ók með sum okkar um héraðið, m. a. að Grund og inn í Djúpadal, en aðrir skoðuðu sig um á Akureyri á meðan. Aftur var flogið til Reykjavíkur kl. 5 þennan sama dag.

Þessi ferð var okkur öllum þátttakendum ánægjuleg og teljum betra að hafa farið en ekki. Hið sama má raunar segja um allar ferðir, sem Nýalssinnar hafa farið sameiginlega, þær hafa orðið þátttakendum ánægjulegar og orðið heldur til að auka samheldni og samstillingu.“

*Önnur mál.* Þorsteinn Guðjónsson tók til máls, og ræddi um skiptingu jarðarhluta Nýalssinna í Laugardal, en Nýalssinnar eiga helming tveggja parta á móti Guðmundi Grímssyni. Þorsteinn Guðjónsson bar fram eftirfarandi tillögu:

*Fundur haldinn í Félagi Nýalssinna 7. júlí 1976, samþykkir að stjórn félagsins gangi frá þinglesningu á hluta sínum á uppskiptu landi jarðarinnar Gröf í Laugardal, að undangengnu samkomulagi við Guðmund Grímsson, sem einn er sameigandi félagsins að hinum óþinglýstu jarðarpörtum.*

*Þorsteinn Guðjónsson.*

Þessi tillaga var samþykkt einróma.

Gunnar Grímsson ræddi um nýútkomna bók, sem heitir „Nýjar víddir í mannlegri skynjun“ og er eftir tyrknesk fædda konu, sem er kunnur tauga- og geðsjúkdómalæknir í Bandaríkjunum, Shafica Karagulla. Bókin er þýdd af Esther B. Vagnsdóttur. Karagulla hefur fengist við rannsóknir á yfirskilvitlegum skynjunum, eða

æðri skynjunum eins og hún nefnir þær. Karagulla telur að virkjun á hæfileikum mannsins til æðri skynjunar, gæti orðið til að breyta gangi sögunnar á okkar jörð, svo að farsæl framtíð gæti orðið. Gunnar Grímsson minntist á byggingu stjörnusambandsstöðvar, slíkrar sem rætt var um á sérstökum stjórnarfundum þann 21. júní s. l., vegna tillögu Þórarins Helgasonar á félagsfundum þann 9. júní. Gunnar lét í ljós þá skoðun, að e. t. v. væri vænlegt til árangurs, að rannsóknir, í líkingu við rannsóknir Karagulla færu fram í síkri stofnun.

Pétur Hermannsson talaði næstur og tók í sama streng. Fór hann nokkrum orðum um þá möguleika sem slíkar rannsóknir gætu boðið upp á.

Nokkrir fleiri töluðu og tóku í sama streng.

Þorsteinn Guðjónsson ræddi enn um landsparta Félags Nýalssinna í Laugardal. Hann gat þess að verið væri að útvega kíllóg, til að ræsa fram hluta landsins, og þyrfti Félag Nýalssinna að taka ákvörðun um, hvort félagið vildi nota sér þá aðstöðu, að þurrka upp okkar spildur.

Pétur Hermannsson sagðist álíta að ekki ættu Nýalssinnar að taka þátt í uppþurkun mýrlendis, því það væru landspjöll, sem spilltu fuglalífi og ýmsu smærra dýralífi í slíku landslagi, auk breytinga á gróðri, sem af því hlytist.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21.55, og mun þetta vera einhver stysti félagsfundur, sem haldinn hefur verið í Félagi Nýalssinna.

*Ingvar Agnarsson, fundarritari.*

## Bollalestur (úr sendibréfi)

Nú ætla ég að snúa mér að öðru, það er í sambandi við bollalestur. Ég er á þeirri skoðun að það megi álíta að mark sé takandi á bollaspádómum. Kona mín hefur gert þetta í nokkuð mörg ár og mikið oftart rétt spáð heldur en hitt. Það sem mér hefur dottið í hug hvernig þetta má vera, er að lífgeislan viðkomandi manns streymi inn í bollann og virki á einhvern hátt á dreitilinn, sem er í bollanum þegar honum er hvolft, svo að ákveðnar myndir koma fram um framtíð mannsins. Mér þætti gaman að vita hvaða skoðun aðrir félagsmenn hafi á þessu.

*Þorbjörn Ásgeirsson*

## Fáein orð um þýðingu miðilsfunda

Nokkur deyfð hefur verið yfir miðilsstarfsemi Félags Nýalssinna á þessu sumri. Það er að vísu ekki nýtt fyrirbæri, því svo hefur jafnan verið á hverju sumri. Miðilsfundir hafa þó ávallt verið haldnir reglulega á hverju mánudagskvöldi og raunar oftast, en þátttaka misjöfn og oft of lítil. Ég vil hvetja félagsmenn eindregið til að sækja miðilsfundi, meira en undanfarið og taka með sér góða gesti.

Miðilsfundir eru bein undirstaða félags okkar, og á þeim byggist að verulegu leyti framtíð félagsins og málefnis okkar. Batnandi árangur miðilsfunda er það, sem ávallt hefur verið stefnt að. Bætt sambönd við lengra komna vini á öðrum stjörnum er öllum nauðsyn. Það er í rauninni mál málanna. Leggjum okkur öll fram um að efla þessi sambönd. Reynum að vera samhuga og samstillt.

Sækjum miðilsfundi með eftirvæntingu. Vonumst ætíð eftir, að eitthvað gerist á hverjum fundi, sem við komum á, eitthvað óvænt, eitthvað stórkostlegt, eitthvað sem við höfum alltaf beðið eftir.

Undirbúum okkur undir hvern miðilsfund með nokkrum hætti, hvert og eitt, eins og við værum að fara á hátíð, eins og við ættum von á að hitta þar langþráða vini, eins og við ætluðum að taka þátt í heilagri athöfn, sem undirbúning þyrfti fyrir. Munum að í stjörnusambandsstöð okkar eru möguleikar til sambands við dýrðlegar, geislandi verur, sem leggja sig fram um að veita okkur styrk og hjálp.

Ekki ættu þátttakendur miðilsfundar að neyta þungrar og mikillar máltíðar, rétt áður en lagt er af stað að heiman, því slíkt dregur úr hæfileika til móttöku aðsendrar orku.

Ef tækifæri væri til, skyldi þátttakandi miðilsfundar fara í bað, fara í hrein og falleg föt, neyta léttrar og lítillar fæðu. Taka svo þátt í fundinum með nokkurri eftirvæntingu: Vonast eftir að finna unaðsleg áhrif frá hinum lengra komnu, svo sem margir hafa fundið, vonast eftir að það sem talast verði skýrara og fróðlegra, en það sem áður hefur komið fram; vonast jafnvel eftir að sjá sýn eða að líkamningur birtist. Slíkt fyrirbæri ætti ekki að vera alveg óhugsandi, ef eftirvænting og samstilling væri fyrir

hendi, því rétt hugarfar skapar þá möguleika og það aflsvæði, sem þarf til þess að merkilegir atburðir gætu gerst.

Hefjum vetrarstarfið með endurnýðri eftirvæntingu og með nýrri von um aukinn árangur af starfi okkar og von um að verða aðnjótandi aukinnar lífmagnanar frá lengra komnum vinum, sem við lengi höfum haft samband við.

Treystum því, að brátt fari að greiðast úr fyrir framgangi hins mikla málefni, sem við öll viljum vinna að.

Leggjum okkur öll fram og vinnum að þessu málefni heils hugar, hvert eftir sinni getu og hvert eftir sínum ástæðum.

*Inguar Agnarsson.*

## Orðsending vegna Lífgeisla

Eins og kemur fram í orðsendingu í *Lífgeislum*, 6. hefti, hækkar verð þessa árgangs, 1976, upp í kr. 1000.00 og gert er ráð fyrir að út komi a. m. k. 5 hefti, hvert 36 bls. Auk þess verður sú breyting á, að *Lífgeislar* eru nú ekki lengur sendir ókeypis til félagsmanna.

Vonast er eftir, að hver félagsmaður sjái sér fært að gerast hér eftir sérstakur *áskrifandi að Lífgeislum*, og sendi sem fyrst áskriftargjaldið kr. 1000.00. Með þessu móti gæti hver einn félagsmaður mjög létt undir útgáfu þessa rits, og treystum við því, að hver einn sýni málefnum félagsins stuðning með þessu móti.

Ennfremur er þess vænst, eins og jafnan áður, að allir félagar leggi sig fram um að afla *Lífgeislum* sem flestra nýrra áskrifenda.

Félagsblað Nýalssinna mun aftur á móti verða sent öllum félagsmönnum eins og áður, án sérstaks gjalds, því að verð þess er innifalið í félagsgjaldinu.

F.h. Félags Nýalssinna,  
*Inguar Agnarsson.*



# Minningarorð:

## Geir Ólafsson

Geir Ólafsson, Grafarholtsbletti 5 í Reykjavík, andaðist 16. janúar 1976, 66 ára að aldri. Dauða hans bar svo brátt að, að daginn áður (15. jan.) stundaði hann vinnu sína eins og vanalega og var hér á sambandsfundi um kvöldið. Af fundinum fór hann klukkan að ganga tólf, en dó af hjartaáfalli laust eftir klukkan eitt þá sömu nótt.

Geir veiktist talsvert alvarlega fyrir rúmu ári og var um tíma á sjúkrahúsi og eftir það nokkrar vikur á heilsuhælinu í Hveragerði. Hann náði sér þó fljótlega svo vel að hann gat unnið fullan vinnudag síðari hluta liðins árs og allt til dauðadags.

Geir gekk í Félag Nýalssinna árið 1970. Hann tók að vísu ekki mikinn þátt í störfum félagsins fyrstu 2 árin, en fór þó fljótlega að kynna sér heimspekikennningar Helga Pjeturss af þeirri ástundun og alúð sem honum var svo eiginleg. Jókst skilningur hans á mikilvægi málefnisins svo hröðum skrefum síðustu 3—4 árin, og áhugi hans og starfsemi fyrir félagið að sama skapi, að fátítt má teljast. Líklegt þykir mér að enginn einstakur félagsmaður hafi t. d. gengið betur fram í því að útbreiða bækur og rit félagsins á þessum árum, heldur en hann. Alveg sérstaklega mikinn áhuga hafði hann á sambandsfundastarfinu og munu þeir ekki vera margir fundirnir hér í þessum húsakynnum, sem hann ekki sótti á þessu tímabili, þegar heilsan leyfði.

Geir var þannig gerður maður að hann vann af alhug að hverju því máli er hann áleit meðbræðrum sínum til mestra heilla horfa og sparaði þá hvorki fyrirhöfn né fjármuni. Og það fór ekki milli mála að framgangur Nýalsstefnunnar var hjartfólgna áhugamál hans. Hann hafði orð á því við mig (og sennilega fleiri) að ef félagið réðist í það stórvirki að koma sér upp starfsmiðstöð í miðbæ Reykjavíkur, þá væri hann reiðubúinn að leggja þar af mörkum álitlega fjárhæð. Geir var þó ekki efnaður maður, en lét ævinlega eigin hagsmuni sitja á hakanum ef gott málefni þurfti á ríflægum stuðningi að halda.

Við höfum misst afbragðsgóðan liðsmann sem mikils mátti af

vænta, en við fögnum því jafnframt að brottför hans varð svo þjáningalítil sem raun varð á, fyrst komið var að vistaskiptum.

Geir minntist oft á það við kunningja sína, bæði innan félags og utan, hversu góðum bata hann væri að ná eftir hin alvarlegu veikindi. Og hann var sannfærður um að batinn væri að verulegu leyti að þakka þátttöku hans í starfi Nýalssinna. Ég er heldur ekki í vafa um að það álit hans hefir verið rétt, þó þetta dygði ekki til varanlegs bata. En það er von okkar að áður en langur tími líður munum við ná þeim framförum í lífgeislalækningum, að slíkt geti tekist.

Við þökkum Geir fyrir ánægjulegt samstarf og óskum honum gæfu og gengis í framtíðinni. Ekki er að efa að þar sem hann er nú kominn muni hann halda áfram að starfa að þessu mesta áhugamáli sínu af sömu fórnfýsi og einlægni og hann gerði hér, en við stórum betri skilyrði og af miklu meiri mætti.

Flutt á félagsfundi 4. febr. 1976.

H.G.

## Sigurður Ólafsson

Vinur okkar og félagi, hann Sigurður Ólafsson, eins og við nefndum hann jafnan, er farinn héðan af jörðu.

Það er þungbær missir hinu fámenna félagi okkar að fá eigi lengur notið starfskrafta og andlegs stuðnings hans, því að hann er einn af okkar allra bestu mönnum. Ekki er aðeins að hann hafi borið af okkur hinum með framúrskarandi þrúðmannlegri framkomu sinni, heldur hafði ein saman nærvera hans einhver svo jákvæð og róandi áhrif á aðra.

Sigurður Ólafsson var einn þeirra manna, er fylgja skoðun sinni einarðlega og óhikað eftir og láta verk fylgja orðum. Allt frá stofnun Félags nýalssinna var hann traustur stuðningsmaður þess, og þó að barátta svo örfárra og vanmegna einstaklinga sem við erum, hafi oft tekið á taugarnar svo um munaði, lét hann það aldrei á sig fá, en hélt jafnan geðró sinni.

Þegar félagið réðst í það, sem nokkurt afrek má kallast á þess mælikvarða, að endurútgefa Nýal í vandaðri útgáfu, gerðist Sigurður strax einn virkasti framkvæmdamaður þess verkefnis og þegar svo tekist var á við enn stærra verkefni, þar sem var bygging Stjórnusambandsstöðvar, hinnar fyrstu hér á jörð, varð hann aðalmaðurinn í því máli. Og svo annt lét hann sér um, að það verk

væri vel af hendi leyst, að hann fylgdist með byggingunni daglega. Er það til efs, að úr framkvæmdum hefði orðið, ef hann hefði eigi veitt málinu svo örugga og trausta forystu.

Sigurður var bæði sjálfsagður og hefði verið sjálfkjörinn formaður félagsins, en hann færðist eindregið undan slíku vegna meðfæddrar hæversku og einnig átti hann við vanheilsu að stríða. Hann lét það þó ekki aftra sér frá að takast á hendur langvandasamasta hlutverkið í stjórn félagsins, nefnilega að sjá um fjármálin.

Mætti nú margur félagsskapurinn vel við una að hafa slíka menn í sínum röðum, en ennþá er þó ótalið það verkið sem hann mat mest og sem hann batt mestar vonir við, en sem fáum er sennilega kunnugt um, en það voru miðilsstörf eða sambandstilraunir, eins og Nýalssinnar kalla það, sem hann tók virkan þátt í.

Til þess var stjórnusambandsstöðin reist.

Til þess, í samræmi við lífsskoðun hans og okkar, að freista þess að ná sambandi við göfugri og lífmagnaðri verur á öðrum stjörnum og reyna með því að opna farveg göfgandi og lífmagnandi áhrifum til einstaklinga og til mannkynsins í heild.

Er það mjög svo einkennandi fyrir þennan góða dreng að hafa gert slíka stefnu að sinni, og enda þótt við njótum hans eigi lengur hér á meðal okkar, þá er hitt víst, að samstarfi okkar er alls ekki lokið. Nú er hann, sem veit svo vel hve vandamál okkar eru gífurleg og hversu heitt við þráum upplýsingar um hvernig betur megi standa að hlutunum, kominn þangað, sem betur er vitað.

Kominn þangað, sem sú stefna hefur sigrað, er hann barðist fyrir að tekin yrði hér á jörð, þangað — eins og hin dásamlegu orð Nýals segja . . . „þar sem ekki einungis enginn er ljótur, heldur á engan hátt öðruvísi en fagur og fríður, enginn sjúkur, ekki einu sinni veill eða ósterkur, enginn illa innrættur, ekki einu sinni á nokkurn hátt öðruvísi en göfugur, enginn fávís, ekki einu sinni ófróður um neitt af því, sem allt mannkyn varðar, eða sérstaklega kemur til hans að vita . . .“

Heill og gæfa fylgi Sigurði á lífstefnujörð þeirri, þar er hann nú lifir.

*f.b. Félags nýalssinna,  
K.N.*

## EFNISYFIRLIT

Um yfirborð tunglsins I.A. (Sjá forsíðumynd) ..... Bls. 57

### FRÉTTIR AF FÉLAGSSTARFI:

Félagsfundur 5. maí 1976 ..... — 59  
a. Rætt um húskaupamál.  
b. Rætt um útgáfustarfsemi.

Félagsfundur 9. júní 1976 ..... — 63  
a. Flutt tillaga um byggingu stjörnusambandsstöðvar með  
stuðningi Bandaríkjanna og Rússa.  
b. Flutt tillaga um stofnun kórs.  
c. Rætt um sambandsfundí.

Félagsfundur 7. júlí 1976 ..... — 68  
a. Rætt um kaup á húsi í Reykjavík.  
b. Flutt tillaga um þinglesningu jarðarparts félagsins.

Bollalestur P.A. .... — 70

Fáein orð um þýðingu miðilsfunda I.A. .... — 71

Orðsending vegna Lífgeisla I.A. .... — 72

### MINNINGARORÐ:

Geir Ólafsson ..... — 73

Sigurður Ólafsson ..... — 74

---

Stjörnusambandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.  
Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar  
kl. 9 e.h. Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.